

AUGLÝSING

um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna- og eldisfiska frá.

1. gr.

Aðeins er heimilt að flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum ríkjum, sbr. 2. til 6. gr.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem eru á skrá Fiskistofu yfir viðurkennda aðila.

Albanía	Gana	Kúba	Nýja Sjáland	Suður Afríka
Argentína	Gínea Conakry	Lettland	Óman	Suður Kórea
Ástralía	Gvatemala	Litháen	Pakistan	Taíland
Bangladess	Indland	Madagaskar	Panama	Taívan
Brasilía	Indónesía	Malasía	Perú	Tansanía
Búlgaría	Íran	Maldíveyjar	Pólland	Tékkland
Eistland	Jamaíka	Marokkó	Rússland	Túnis
Ekvador	Japan	Máritanía	Senegal	Tyrkland
Falklandseyjar	Jemen	Máritíus	Seychelleseyjar	Úganda
Filippseyjar	Kanada	Mexíkó	Singapúr	Úrúgvæ
Fílabeinsströndin	Kína	Namibía	Síle (Chile)	Venesúela
Gabon	Kólumbía	Níkaragúa	Slóvenía	Víetnam
Gambía	Króatía	Nígería		

3. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5., og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hafa fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Alsír	Franska Pólinesía	Kongó	Salómonseyjar
Angóla	Grenada	Kostaríka	Sameinuðu arabísku furstadæmin
Antígva og Barbúda - Aðeins heimill innflutningur á ferskum físki.	Grænland	Kýpur	Sankti Helena
Armenía - Aðeins heimild til innflutnings á lifandi vatnakrabba.	Hollensku Antillur	Malta	Sankti Pierre og Miquelon
Aserbaídsjan - Aðeins heimill innflutningur á kaviar.	Hondúras	Mayotte - Aðeins heimilt að flytja inn ferskar, óunnar eldisafurðir.	Simbabve
Bahamaeyjar	Hong Kong	Mjanmar (Burma)	Srí Lanka
Bandaríkin	Hvíta-Rússland	Mósambík	Súrínám
Benín	Ísrael	Nýja Kaledónía	Sviss
El Salvador	Kamerún	Papúa	Tógó

Eritrea	Kenía	Rúmenía	Ungverjaland - Aðeins heimilt að flytja inn lifandi sjávardýr til manneldis.
Fídjíeyjar			

4. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá viðurkenndum svæðum og starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um.

Ástralía	Suður Kórea
Jamaíka - Aðeins heimilt að flytja inn sæsnigla.	Taíland
Japan	Túnis
Marokkó	Tyrkland
Perú	Úrúgvæ
Síle	Víetnam

5. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá svæði og starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með influtningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Bandaríkin
Grænland
Kanada
Nýja Sjáland

6. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskimjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. auk Úkraínu og Púertóríkó enda komi mjölið frá skráðri starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

7. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 69 frá 25. janúar 2001, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. júlí 2002.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.